

MÁLSMEDFERÐARREGLUR BORGARRÁÐS UM VEITINGASTAÐI OG GISTISTAÐI

Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar gilda um afgreiðslu umsagna borgarráðs um umsóknir um rekstrarleyfi skv. ákvæðum laga nr. 85/2007 og reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Jafnframt fjalla þær um staðsetningu og opnunartíma veitingastaða og gististaða í Reykjavík, sem og sérstök skilyrði sem slíkri starfsemi eru sett.

Um staðsetningu, opnunartíma o.fl.

2. gr.

Almennt um staðsetningu og opnunartíma

Um staðsetningu veitingastaða og gististaða í Reykjavík fer eftir ákvæðum í aðalskipulagi og deiliskipulagi, sem og reglum þessum.

Um flokkun og tegundir veitingastaða og gististaða fer eftir ákvæðum laga nr. 85/2007 og reglugerðar nr. 585/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Um opnunartíma veitingastaða og afgreiðslutíma áfengis fer eftir lögum og reglum settum skv. þeim, lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar nr. 1097/2008, og reglum þessum.

3. gr.

Opnunartími veitingastaða, annarra en áfengisveitingastaða

Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I¹) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn, með þeim takmörkunum þó sem lög og reglur settar skv. þeim setja. Stafi íbúum í nágrenni veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur borgarráð þó takmarkað opnunartíma hans. Um útiveitingar fer eftir 8. gr.

4. gr.

Opnunartími áfengisveitingastaða

Um veitingastaði, þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar (flokkar II og III¹), gildir að þeim skal lokað þegar heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tveimur klukkustundum eftir að heimiluðum veitingatíma áfengis lýkur. Allir gestir skulu hafa yfirgefið veitingastaðinn eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Um afgreiðslutíma áfengis

5. gr.

Veitingastaðir á íbúðasvæðum

Óheimilt er að veita áfengisveitingastöðum á skilgreindu íbúðasvæði rekstrarleyfi. Þetta gildir þó ekki um áfengisveitingastaði, sem áður hafa fengið leyfi, enda sé ekki heimilaður lengri veitingatími áfengis en til kl. 23.00 alla daga, þó til kl.01.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Borgarráð getur þó ákveðið að veita undanþágu frá þeirri reglu vegna umsóknar innan skilgreinds íbúðasvæðis enda sé

¹ Samkvæmt 4. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

um að ræða staðsetningu í jaðri miðborgar/miðsvæði og rekstur í flokki II. Um veitingastaði, sem staðsettir eru þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu innan íbúðarsvæða, gilda ákvæði 6. gr.

6. gr.

Veitingastaðir utan íbúðarsvæða

Í miðborg, á miðsvæðum, svæðum fyrir þjónustustofnanir, iðnaðarsvæðum, hafnarsvæðum, athafnasvæðum, svæðum þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu og opnum svæðum til sérstakra nota, má heimila veitingatíma áfengis frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga, þó til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.

Heimilt er að takmarka veitingatíma frekar en kemur fram í 1. mgr., s.s. ef veitingastaður er umlukinn eða í mjög mikilli nálægð við íbúðabyggð. Ef telja verður að starfsemi áfengisveitingastaðar falli ekki að nálægri byggð er heimilt að synja um rekstrarleyfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má heimila rýmri veitingatíma áfengis á tilteknum svæðum sem hér segir:

- a. Á landnotkunarreitum K1.1, A1.2, V1.1 og V2.1 innan miðborgar frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga; þó til kl. 04.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags.
- b. Á miðsvæðum, iðnaðarsvæðum, hafnarsvæðum og athafnasvæðum frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga; þó til kl. 04.30 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags, enda séu ekki íbúðir í innan við 100 metra radíus frá viðkomandi stöðum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má heimila áfengisveitingar til dvalargesta á gististöðum til kl. 03:00 alla daga. Jafnframt má heimila að veitt sé áfengi í litlum umbúðum með sjálfsafgreiðslu úr sérstökum skáp (minibar) á gistihverbergjum til dvalargesta á gististað.

Á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, er heimilt að veita áfengi aðfaranætur 27. desember og 2. janúar sem um aðfaranætur laugardaga, sunnudaga eða almennra frídaga væri að ræða. Lengst má þó veita áfengi umræddar nætur til kl. 03.00.

Um útiveitingar áfengis fer eftir 8. gr.

Um almenn skilyrði

7. gr.

Umgengni og þrífnaður

Rekstrarleyfi veitingastaða skulu almennt bundin því skilyrði að leyfishafi haldi hreinni lóð og nánasta umhverfi veitingastaðarins, þ.m.t. gangstétt framan við staðinn, og þrífi ávallt að skemmtun lokinni.

8. gr.

Útiveitingar

Heimila má í rekstrarleyfi útiveitingar við veitingastað ef aðstæður leyfa. Skal það vera innan fyrirfram tilgreinds útiveitingasvæðis, og skal þess gætt að ávallt sé rúm fyrir gangandi umferð fram hjá svæðinu. Í rekstrarleyfi skal tilgreindur heimilaður útiveitingatími.

Útiveitingar áfengis má ekki heimila lengur en til kl. 22.00. Þó má heimila útiveitinga áfengis allt til kl. 23.30 á landnotkunarreitum K1.1, A1.2, V1.1 og V2.1 innan miðborgar, svo og við sérstakar aðstæður, s.s. vegna mikillar fjarlægðar frá annarri byggð.

Leyfishafi skal sjá til þess að umgengni á og við útiveitingasvæði sé góð og ber honum að þrífa svæðið og næsta nágrenni þess þegar þörf er á og ávallt þegar útiveitingatíma lýkur hverju sinni.

9. gr.

Nektarstaðir

Rekstur nektardansstaða er óheimill í Reykjavík.

10. gr.

Veitingastaðir í íþróttamannvirkjum

Ekki eru heimilaðar áfengisveitingar á veitingastöðum í húsum þar sem fram fara skipulegar og reglubundnar íþróttæfingar barna og unglinga. Þar sem eingöngu er um að ræða sérinngang inn á veitingastað í slíku húsi má þó heimila þar áfengisveitingar.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um veitingastaði í húsum sem einungis eru til félagsstarfs en hvorki til íþróttæfinga né keppni.

Ef vafi er uppi um hvort takmarkanir eiga við samkvæmt þessari grein skal afla umsagnar íþrótt- og tómstundaráðs um málið.

11. gr.

Áfengisveitingar í tengslum við íþróttaviðburði

Áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur.

12. gr.

Í umsögnum borgarráðs skal m.a. horft til þeirra reynslu, sem fengist hefur af rekstri umsækjanda. Þá skulu jákvæðar umsagnir borgarráðs bundnar þeim fyrirvara, að umsagnir heilbrigðisnefndar, eldvarnareftirlits slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og byggingarfulltrúa, eftir því sem við á, séu einnig jákvæðar.

Um afgreiðslu umsagna

13. gr.

Umsagnir borgarráðs

Skrifstofa borgarstjórnar annast afgreiðslu umsagna borgarráðs til lögreglustjóra skv. 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Í því felst að taka á móti beiðnum um umsagnir, afla nauðsynlegra upplýsinga og leggja fram rökstudda tillögu að umsögn borgarráðs.

Skrifstofustjóra borgarstjórnar er heimilt að afgreiða umsagnir án staðfestingar borgarráðs, enda sé viðkomandi umsókn innan þeirra marka sem stefnumörkun borgarráðs og reglur þessar setja.

14. gr.

Umsagnir annarra umsagnaraðila Reykjavíkurborgar

Heilbrigðisnefnd veitir umsagnir skv. 2. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Skal heilbrigðisnefnd m.a. gæta að því að starfsemin sé í samræmi við starfsleyfi og meta grenndaráhrif hennar, þ.m.t. hljóðvist.

Eldvarnareftirlit slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins veitir umsagnir slökkviliðs skv. 3. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Skal það m.a. gæta þess að kröfum um brunavarnir sé fullnægt á stað þeim sem umsókn lýtur að.

Byggingarfulltrúi veitir umsagnir skv. 4. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Skal hann m.a. staðfesta að bæði starfsemin og húsnæðið séu í samræmi við útgefið byggingarleyfi og að lokaúttekt hafi farið fram. Þá skal hann jafnframt gæta að því að

17.10.2011

starfsemin sem sótt er um leyfi fyrir sé í samræmi við gildandi skipulagsskilmála hverju sinni.

15. gr.

Umsagnir um tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi

Heilbrigðisnefnd veitir lögreglustjóra umsagnir um tækifærisleyfi skv. 17. gr. laga nr. 85/2007, og um tímabundin áfengisveitingaleyfi skv. 18. gr. sömu laga. Sé um sérstaklega viðamikinn viðburð að ræða, eða séu aðstæður að öðru leyti með þeim hætti að þörf er talin á, skal heilbrigðisnefnd afla umsagnar borgarráðs um umsóknina.

16. gr.

Gætt skal viðeigandi ákvæða stjórnarsýslulaga við afgreiðslu umsagna. Skal þess m.a. gætt að umsagnir séu byggðar á fullnægjandi upplýsingum og skal aðilum gefinn kostur á að tjá sig um umsagnir, áður en þær eru afgreiddar, ef þörf er á.

Almennt skal málsmeðferðartími ekki fara yfir 3 vikur frá því umsagnarbeiðni hefur borist. Sé fyrirsjáanlegt að afgreiðsla umsagnar teyfist umfram þann tíma, skal lögreglustjóra gerð grein fyrir töfinni og hvenær umsagnarinnar sé að vænta.

17. gr.

Reglur þessar koma í stað málsmeðferðarreglna borgarráðs vegna vínveitingaleyfa frá 30. mars 1999, með síðari breytingum, og taka þegar gildi.

Síðast breytt í borgarráði 16. júlí 2009

Uppfært 17. október 2011